

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Akraneskaupstað.

Deiliskipulag Akratorgreits, Skagabraut 17.

Bæjarstjórn Akraneskaupstaðar samþykkti 14. maí 2024 breytingu á deiliskipulagi Akratorgreits, vegna Skagabrautar 17. Í breytingunni felst að heimila allt að þrjár íbúðir á lóð, eitt tvíbýlishús og eitt einbýlishús. Einnig er heimilað niðurrif á hluta mannvirkja, þ.e. á tengibyggingu milli nýrra og eldra húss. Byggingarreitir verður skilgreindur sem og bílastæði innan lóðar.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Deiliskipulag Sementsreits, Suðurgata 124.

Bæjarstjórn Akraneskaupstaðar samþykkti 12. mars 2024 breytingu á deiliskipulagi Sementsreits, vegna Suðurgötu 124. Í breytingunni felst að heimilt verður að byggja íbúðarhúsnæði á tveimur hæðum með allt að tveimur íbúðum ásamt bílskúrum.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Akranesi, 21. maí 2024.

Anna Berta Heimisdóttir skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 4. júní 2024